

**Viðræðunefnd um sameiningu sveitarfélaga
Opinn fundur með íbúum**

7. fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 13. janúar 2022, kl. 19:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður. Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason.

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Róbert Ragnarsson ráðgjafi (í fjarfundarsambandi) og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Fundurinn sendur út og tekinn upp.

Dagskrá

1. Niðurstöður íbúafundanna – umræður
2. Skilabréf til sveitarstjórnar, sjá hjál. drög
3. Næsti fundur og næstu skref
4. Önnur mál

Fundargerð

1. Niðurstöður íbúafundanna - umræður.

Til máls tóku; Róbert, Sigríður, Siggeir, Sigurður, Þorsteinn Ægir.

2. Skilabréf til sveitarstjórna.

Lýsing á því hvernig unnið hefur verið í undirbúningi. Álit samstarfsnefndarinnar og helstu forsendur fyrir ákvörðun hennar ásamt tillögu um kosningu um sameiningu sveitarfélagana 26. mars. Nefndinni verði falið að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

Afgreiðsla skilabréfs til sveitarstjórna; Skilabréfið samþykkt samhljóða.

3. Næsti fundur og næstu skref.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 21. janúar kl. 8.30

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 19:30.